

Kærur á hópfimleikamótum

Hvaða flokka má kæra?

- Ekki er hægt að kæra einkunnir liða í 5. – 2. flokki, kky eða kke á Íslandi.
- Heimilt er að kæra D-einkunn á dýnu, trampólíni og gólfi í meistaraflokki A og í 1. flokki A.

Ef til kæru kemur:

- Á mótum þessara liða skulu vera myndavélar á dómaborðinu og verður notast við upptökur úr þeim þegar æfingin er endurdæmd.
- Allir D-dómarar panelsins taka þátt í því að dæma æfinguna aftur, auk E1 sem kemur inn í panelinn og dæmir æfinguna með D-dómurunum.

Ferlið:

Aldrei má trufla dómara á meðan að þeir eru enn að störfum eða sitja við dómaborðið. Ef að þjálfari liðsins (sem þarf að vera skráður þjálfari liðsins í kerfinu) vill kæra einkunn, fer hann til mótstjóra og fyllir út meðfylgjandi eyðublað.

Hann þarf að gera það innan við 5 mínútum eftir að einkunn er birt í Score-kerfinu. Mótstjóri lætur yfirdómara mótsins vita og kærán verður tekin fyrir þegar að allri dómgæslu á áhaldinu er lokið.

Kostnaður:

Að kæra D-einkunn kostar 20.000 krónur og verður rukkun send frá Fimleikasambandinu á mánudeginum eftir mót. Félagið hefur þá 30 daga til að greiða.

Rukkað er ef að kærð einkunn hækkar eða lækkar ekki þegar að æfingin er dæmd aftur.



Kæra á D-einkunn

Við hjá _____ (nafn félags)

leggjum fram kæru á einkunn sem var gefin

_____ (nafn flokks / liðs) á

_____ (áhald).

Við teljum að einkunnin sé ekki í samræmi við þær æfingar sem voru framkvæmdar og óskum eftir því að æfingarnar verði dæmdar aftur af video-upptöku.

Við gerum okkur grein fyrir því að Innheimt er ef að kæra leiðir ekki til hækkunar einkunnar.

Undirskrift þjálfara

Undirskrift mótsstjóra